- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/153 frá 29. janúar 2025 um leyfi til að setja á markað plönturnar *Lemna minor* og *Lemna gibba* sem nýfæði og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/167 frá 30. janúar 2025 um leyfi til að setja á markað glúkósýlhesperidín sem nýfæði og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 ⁽⁶⁾.
- 7) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/195 frá 3. febrúar 2025 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir fenbúkónasól og penkónasól í eða á tilteknum afurðum ⁽⁷⁾.
- 8) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um föður og matvæli. Ákvæði löggjafar um föður og matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 9) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það,

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2025/140, 30.1.2025, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2025/140/oj>

⁽²⁾ Stjtið. ESB L, 2025/146, 30.1.2025, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2025/146/oj>

⁽³⁾ Stjtið. ESB L, 2025/147, 30.1.2025, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2025/147/oj>

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L, 2025/158, 30.1.2025, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2025/158/oj>

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L, 2025/153, 30.1.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2025/153/oj

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L, 2025/167, 31.1.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2025/167/oj

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L, 2025/195, 4.2.2025, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2025/195/oj>

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætast við í 40. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32025 R 0146:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/146 frá 29. janúar 2025 (Stjtið. ESB L, 2025/146, 30.1.2025),
- **32025 R 0158:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/158 frá 29. janúar 2025 (Stjtið. ESB L, 2025/158, 30.1.2025),
- **32025 R 0195:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/195 frá 3. febrúar 2025 (Stjtið. ESB L, 2025/195, 4.2.2025).“

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 54zzy (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005):

- „– **32025 R 0146:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/146 frá 29. janúar 2025 (Stjtið. ESB L, 2025/146, 30.1.2025),
- **32025 R 0158:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/158 frá 29. janúar 2025 (Stjtið. ESB L, 2025/158, 30.1.2025),
- **32025 R 0195:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/195 frá 3. febrúar 2025 (Stjtið. ESB L, 2025/195, 4.2.2025).“

2. Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 54zzzzs (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008):

- „– **32025 R 0140:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/140 frá 29. janúar 2025 (Stjtið. ESB L, 2025/140, 30.1.2025),
- **32025 R 0147:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/147 frá 29. janúar 2025 (Stjtið. ESB L, 2025/147, 30.1.2025).“

3. Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 124b (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470):

- „– **32025 R 0153:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/153 frá 29. janúar 2025 (Stjtið. ESB L, 2025/153, 30.1.2025),
- **32025 R 0167:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/167 frá 30. janúar 2025 (Stjtið. ESB L, 2025/167, 31.1.2025).“

4. Eftirfarandi liðir bætast við á eftir 262. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/89):

- „263. **32025 R 0153:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/153 frá 29. janúar 2025 um leyfi til að setja á markað plönturnar *Lemna minor* og *Lemna gibba* sem nýfæði og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 (Stjtið. ESB L, 2025/153, 30.1.2025).

- 264. **32025 R 0167:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/167 frá 30. janúar 2025 um leyfi til að setja á markað glúkósýlhesperidín sem nýfæði og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 (Stjtið. ESB L, 2025/167, 31.1.2025).“

3. gr.

Texti reglugerða (ESB) 2025/140, (ESB) 2025/146, (ESB) 2025/147, (ESB) 2025/158 og (ESB) 2025/195 og framkvæmdarreglugerða (ESB) 2025/153 og (ESB) 2025/167, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, er gildur á íslensku og norsku.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júní 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júní 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 127/2025

2025/EES/61/09

frá 13. júní 2025

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/3190 frá 19. desember 2024 um notkun á bisfenóli A (BPA) og öðrum bisfenólum og bisfenólaflleiðum með samræmda flokkun að því er varðar tiltekna hættulega eiginleika í tiltekna efniviði og hluti sem er ætlað að komast í snertingu við matvæli, um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 10/2011 og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) 2018/213 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð (ESB) 2024/3190 fellir úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/213 ⁽²⁾, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við 55. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 10/2011):

„— **32024 R 3190:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/3190 frá 19. desember 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/3190, 31.12.2024).“

2. Eftirfarandi kemur í stað texta 130. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/213):

„**32024 R 3190:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/3190 frá 19. desember 2024 um notkun á bisfenóli A (BPA) og öðrum bisfenólum og bisfenólaflleiðum með samræmda flokkun að því er varðar tiltekna hættulega eiginleika í tiltekna efniviði og hluti sem er ætlað að komast í snertingu við matvæli, um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 10/2011 og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) 2018/213 (Stjtið. ESB L, 2024/3190, 31.12.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2024/3190, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/3190, 31.12.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/3190/oj>

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 41, 14.2.2018, bls. 6.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júní 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júní 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 128/2025

2025/EES/61/10

frá 13. júní 2025

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/350 frá 21. febrúar 2025 um synjun leyfis fyrir heilsufullyrðingu er varðar matvæli og vísar hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/351 frá 21. febrúar 2025 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 10/2011 um efnivið og hluti úr plasti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli, um breytingu á reglugerð (ESB) 2022/1616 um efniviði og hluti úr endurunnu plasti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 282/2008 og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2023/2006 um góða framleiðsluhætti að því er varðar efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli að því er varðar endurunnið plast og önnur mál sem varða gæðaeftirlit og framleiðslu á efniviðum og hlutum úr plasti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 54zzzb (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2023/2006) og 55. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 10/2011):

„— **32025 R 0351:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/351 frá 21. febrúar 2025 (Stjtið. ESB L, 2025/351, 24.2.2025).“

2. Eftirfarandi er bætt við 56. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1616):

„, breytt með:

— **32025 R 0351:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/351 frá 21. febrúar 2025 (Stjtið. ESB L, 2025/351, 24.2.2025).“

3. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir 264. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/167):

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2025/350, 24.2.2025, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2025/350/oj>

⁽²⁾ Stjtið. ESB L, 2025/351, 24.2.2025, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2025/351/oj>

„265. **32025 R 0350**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/350 frá 21. febrúar 2025 um synjun leyfis fyrir heilsufullyrðingu er varðar matvæli og vísar hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna (Stjtið. ESB L, 2025/350, 24.2.2025).“

2. gr.

Texti reglugerða (ESB) 2025/350 og (ESB) 2025/351, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júní 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júní 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 129/2025

2025/EES/61/11

frá 13. júní 2025

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2858 frá 12. nóvember 2024 um breytingu á reglugerð (ESB) 2019/1871 að því er varðar beitingu viðmiðunarpunkta fyrir aðgerðir vegna nitrófúrana og umbrotsefna þeirra í kollageni ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 12e (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1871) í XIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„— **32024 R 2858:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2858 frá 12. nóvember 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/2858, 13.11.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2024/2858, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júní 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júní 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/2858, 13.11.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/2858/oj>

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 130/2025

2025/EES/61/12

frá 13. júní 2025

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/457 frá 10. mars 2025 um endurnýjun á samþykki fyrir dínótefúrani sem virku efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/349 frá 21. febrúar 2025 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir spínósaði til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/357 frá 21. febrúar 2025 um að samþykkja ekki 5-klóró-2-metýl-2H-ísópíasól-3-ón (CIT) sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 6 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/360 frá 21. febrúar 2025 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir brómóedíksýru til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 4 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/362 frá 21. febrúar 2025 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir sýpermetríni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/432 frá 5. mars 2025 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir fimmvötnuðu kúprísúlfati til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 2 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽⁶⁾.
- 7) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/434 frá 5. mars 2025 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir etófenproxi til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽⁷⁾.
- 8) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/444 frá 5. mars 2025 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir bensósýru til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 3 og 4 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽⁸⁾.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2025/457, 11.3.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2025/457/oj

⁽²⁾ Stjtið. ESB L, 2025/349, 24.2.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2025/349/oj

⁽³⁾ Stjtið. ESB L, 2025/357, 24.2.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2025/357/oj

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L, 2025/360, 25.2.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2025/360/oj

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L, 2025/362, 24.2.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2025/362/oj

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L, 2025/432, 6.3.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2025/432/oj

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L, 2025/434, 6.3.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2025/434/oj

⁽⁸⁾ Stjtið. ESB L, 2025/444, 7.3.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2025/444/oj

- 9) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/450 frá 6. mars 2025 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir 3-joðó-2-própýnýl-bútýlkarbamati til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 6 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽⁹⁾.
- 10) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/459 frá 10. mars 2025 um niðurfellingu á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2024/2410 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir dínótefúrani til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽¹⁰⁾.
- 11) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/461 frá 10. mars 2025 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir álfosfiði, sem losar fosfin, til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 20 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽¹¹⁾.
- 12) Framkvæmdarákvörðun (ESB) 2025/459 fellir úr gildi framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2410 ⁽¹²⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn, og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 13) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 12zzzzzzzzzzp (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2948) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„12zzzzzzzzzzq. **32025 D 0349:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/349 frá 21. febrúar 2025 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir spinósaði til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L, 2025/349, 24.2.2025).

12zzzzzzzzzzr. **32025 D 0357:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/357 frá 21. febrúar 2025 um að samþykkja ekki 5-klóró-2-metýl-2H-ísópíasól-3-ón (CIT) sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 6 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L, 2025/357, 24.2.2025).

12zzzzzzzzzzs. **32025 D 0360:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/360 frá 21. febrúar 2025 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir brómóediksýru til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 4 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L, 2025/360, 25.2.2025).

12zzzzzzzzzzt. **32025 D 0362:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/362 frá 21. febrúar 2025 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir sýpermetríni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L, 2025/362, 24.2.2025).

⁽⁹⁾ Stjtið. ESB L, 2025/450, 7.3.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2025/450/oj

⁽¹⁰⁾ Stjtið. ESB L, 2025/459, 11.3.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2025/459/oj

⁽¹¹⁾ Stjtið. ESB L, 2025/461, 11.3.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2025/461/oj

⁽¹²⁾ Stjtið. ESB L, 2024/2410, 16.9.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2024/2410/oj

- 12zzzzzzzzzzu. **32025 D 0432:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/432 frá 5. mars 2025 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir fimmvötnuðu kúprísúlfati til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 2 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L, 2025/432, 6.3.2025).
- 12zzzzzzzzzzv. **32025 D 0434:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/434 frá 5. mars 2025 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir etófenproxi til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L, 2025/434, 6.3.2025).
- 12zzzzzzzzzzw. **32025 D 0444:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/444 frá 5. mars 2025 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir bensósýru til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 3 og 4 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L, 2025/444, 7.3.2025).
- 12zzzzzzzzzzx. **32025 D 0450:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/450 frá 6. mars 2025 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir 3-joðó-2-própýnýlbútýlkarbamati til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 6 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L, 2025/450, 7.3.2025).
- 12zzzzzzzzzzy. **32025 R 0457:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/457 frá 10. mars 2025 um endurnýjun á samþykki fyrir dínótefúrani sem virku efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L, 2025/457, 11.3.2025).
- 12zzzzzzzzzzz. **32025 D 0461:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/461 frá 10. mars 2025 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir álfosfiði, sem losar fosfin, til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 20 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L, 2025/461, 11.3.2025).“

2. Texti liðar 12zzzzzzzzzzf (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2410) fellur brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2025/457 og framkvæmdarákvarðana (ESB) 2025/349, (ESB) 2025/357, (ESB) 2025/360, (ESB) 2025/362, (ESB) 2025/432, (ESB) 2025/434, (ESB) 2025/444, (ESB) 2025/450, (ESB) 2025/459 og (ESB) 2025/461 sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júní 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júní 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 131/2025****2025/EES/61/13****frá 13. júní 2025****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/290 frá 4. október 2024 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB að því er varðar uppfærslu á skránni yfir varnartengdar vörur í samræmi við uppfærðan sameiginlegan hergagnalista Evrópusambandsins frá 19. febrúar 2024 ⁽¹⁾.
- 2) Samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 111/2013 frá 14. júní 2013 ⁽²⁾, gildir framseld tilskipun (ESB) 2025/290 ekki gagnvart Liechtenstein.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 3q (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB) í XIX. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32025 L 0290:** Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/290 frá 4. október 2024 (Stjtið. ESB L, 2025/290, 21.2.2025).“*2. gr.*Texti framseldrar tilskipunar (ESB) 2025/290, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júní 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júní 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2025/290, 21.2.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir_del/2025/290/oj⁽²⁾ Stjtið. ESB L 318, 28.11.2013, bls. 12 og EES-viðbætur nr. 67, 28.11.2013, bls. 14.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 132/2025****2025/EES/61/14****frá 13. júní 2025****um breytingu á VII. viðauka (Viðurkenning á
faglegri menntun og hæfi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/505 frá 7. febrúar 2024 um breytingu á tilskipun 2005/36/EB að því er varðar viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun sem hlutu menntun sína í Rúmeníu ⁽¹⁾.
- 2) VII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við 1. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB) í VII. viðauka við EES-samninginn:

„— **32024 L 0505:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/505 frá 7. febrúar 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/505, 12.2.2024).“*2. gr.*Texti tilskipunar (ESB) 2024/505, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópu-sambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júní 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júní 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/505, 12.2.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dir/2024/505/oj>

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 133/2025

2025/EES/61/15

frá 13. júní 2025

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/3172 frá 29. nóvember 2024 um tæknilega framkvæmdarstaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar opinbera birtingu stofnana á upplýsingunum sem um getur í II. og III. bálki áttunda hluta þeirrar reglugerðar og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/637 ⁽¹⁾.
- 2) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2024/3172 fellir úr gildi, frá og með 31. desember 2025, framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/637 ⁽²⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum frá og með 31. desember 2025.
- 3) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á IX. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 14azzt (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/3117):

„14azzu. **32024 R 3172**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/3172 frá 29. nóvember 2024 um tæknilega framkvæmdarstaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar opinbera birtingu stofnana á upplýsingunum sem um getur í II. og III. bálki áttunda hluta þeirrar reglugerðar og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/637 (Stjtið. ESB L, 2024/3172, 31.12.2024).“
2. Texti liðar 14ag (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/637) fellur brott frá 31. desember 2025.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2024/3172, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júní 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/3172, 31.12.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/3172/oj⁽²⁾ Stjtið. ESB L 136, 21.4.2021, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júní 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 134/2025

2025/EES/61/16

frá 13. júní 2025

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/3117 frá 29. nóvember 2024 um tæknilega framkvæmdarstaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar skýrslugjöf stofnana til eftirlitsyfirvalda og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/451 ⁽¹⁾.
- 2) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2024/3117 fellir úr gildi, frá 31. desember 2025, framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/451 ⁽²⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott samkvæmt samningnum frá 31. desember 2025.
- 3) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á IX. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 14azzs (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1780):

„14azzt. **32024 R 3117**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/3117 frá 29. nóvember 2024 um tæknilega framkvæmdarstaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar skýrslugjöf stofnana til eftirlitsyfirvalda og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/451 (Stjtið. ESB L, 2024/3117, 27.12.2024).“
2. Texti liðar 14ab (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/451) fellur brott frá 31. desember 2025.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2024/3117, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júní 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/3117, 27.12.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/3117/oj⁽²⁾ Stjtið. ESB L 97, 19.3.2021, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júní 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 135/2025

2025/EES/61/17

frá 13. júní 2025

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1959 frá 13. júlí 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla til að setja fram samningssniðmát fyrir seljanleikasamninga fyrir hlutabréf útgefenda fjármálagerna sem teknir eru til viðskipta á vaxtarmarkaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja ⁽¹⁾.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 29at (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1783) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„29au. **32022 R 1959**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1959 frá 13. júlí 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla til að setja fram samningssniðmát fyrir seljanleikasamninga fyrir hlutabréf útgefenda fjármálagerna sem teknir eru til viðskipta á vaxtarmarkaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja (Stjtið. ESB L 270, 18.10.2022, bls. 4).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/1959, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júní 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júní 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 270, 18.10.2022, bls. 4.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 136/2025

2025/EES/61/18

frá 13. júní 2025

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2759 frá 19. júlí 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/760 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreint er hvenær afleiður verða notaðar einungis til að vera áhættuvörn gegn áhættu sem er innbyggð í aðrar fjárfestingar evrópska langtíma-fjárfestingarsjóðsins, kröfurnar fyrir innlausnarstefnu og lausafjárstýringartæki evrópsks langtíma-fjárfestingarsjóðs, aðstæður fyrir þörun beiðna um framsal á hlutdeildarskírteinum eða hlutabréfum í evrópskum langtímafjárfestingarsjóði, tiltekin viðmið fyrir ráðstöfun eigna evrópsks langtíma-fjárfestingarsjóðs og tilteknir þættir við birtingu upplýsinga um kostnað ⁽¹⁾, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L, 2024/90705, 6.11.2024.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 31bgca (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/480) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„31bgcb. **32024 R 2759**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2759 frá 19. júlí 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/760 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreint er hvenær afleiður verða notaðar einungis til að vera áhættuvörn gegn áhættu sem er innbyggð í aðrar fjárfestingar evrópska langtíma-fjárfestingarsjóðsins, kröfurnar fyrir innlausnarstefnu og lausafjárstýringartæki evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs, aðstæður fyrir þörun beiðna um framsal á hlutdeildarskírteinum eða hlutabréfum í evrópskum langtímafjárfestingarsjóði, tiltekin viðmið fyrir ráðstöfun eigna evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs og tilteknir þættir við birtingu upplýsinga um kostnað (Stjtið. ESB L, 2024/2759, 25.10.2024), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L, 2024/90705, 6.11.2024.“

2. gr.

Texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2024/2759, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L, 2024/90705, 6.11.2024, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júní 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

(¹) Stjtið. ESB L, 2024/2759, 25.10.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2024/2759/oj

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júní 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 137/2025

2025/EES/61/19

frá 13. júní 2025

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/295 frá 24. október 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2554 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um samræmingu skilyrða sem gera eftirlitsstarfsemi mögulega ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/301 frá 23. október 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2554 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreint er innihald og tímamörk frumtilkynningar, og áfanga- og lokaskýrslu, um alvarleg atvik sem tengjast upplýsinga- og fjarskiptatækni og inntak valfrjálsrar tilkynningar um verulegar netógnir ⁽²⁾.
- 3) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 31qc (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1774) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„31qg. **32025 R 0295**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/295 frá 24. október 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2554 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um samræmingu skilyrða sem gera eftirlitsstarfsemi mögulega (Stjtið. ESB L, 2025/295, 13.2.2025).

31qh. **32025 R 0301**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/301 frá 23. október 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2554 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreint er innihald og tímamörk frumtilkynningar, og áfanga- og lokaskýrslu, um alvarleg atvik sem tengjast upplýsinga- og fjarskiptatækni og inntak valfrjálsrar tilkynningar um verulegar netógnir (Stjtið. ESB L, 2025/301, 20.2.2025).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldra reglugerða (ESB) 2025/295 og (ESB) 2025/301, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júní 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökuðegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 40/2025 frá 20. febrúar 2025 ⁽³⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2025/295, 13.2.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2025/295/oj

⁽²⁾ Stjtið. ESB L, 2025/301, 20.2.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2025/301/oj

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L, 2025/770, 8.5.2025, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2025/770/oj> og EES-viðbætur nr. 30, 8.5.2025, bls. 65.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júní 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 138/2025

2025/EES/61/20

frá 13. júní 2025

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/416 frá 29. nóvember 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreint er innihald og snið skráa yfir tilboðsskrár fyrir þjónustuveitendur sýndareigna sem starfrækja viðskiptavettvang fyrir sýndareignir ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/417 frá 28. nóvember 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreint er hvernig þjónustuveitendur sýndareigna sem starfrækja viðskiptavettvang fyrir sýndareignir eiga að setja fram gögn í þágu gagnsæis ⁽²⁾.
- 3) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 31r (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„31rn. **32025 R 0416**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/416 frá 29. nóvember 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreint er innihald og snið skráa yfir tilboðsskrár fyrir þjónustuveitendur sýndareigna sem starfrækja viðskiptavettvang fyrir sýndareignir (Stjtið. ESB L, 2025/416, 14.3.2025).

31ro. **32025 R 0417**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/417 frá 28. nóvember 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreint er hvernig þjónustuveitendur sýndareigna sem starfrækja viðskiptavettvang fyrir sýndareignir eiga að setja fram gögn í þágu gagnsæis (Stjtið. ESB L, 2025/417, 14.3.2025).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldra reglugerða (ESB) 2025/416 og (ESB) 2025/417, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júní 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram ^(*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 41/2025 frá 20. febrúar 2025 ⁽³⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2025/416, 14.3.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2025/416/oj

⁽²⁾ Stjtið. ESB L, 2025/417, 14.3.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2025/417/oj

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L, 2025/765, 8.5.2025, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2025/765/oj> og EES-viðbætur nr. 30, 8.5.2025, bls. 69.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júní 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 139/2025

2025/EES/61/21

frá 13. júní 2025

**um breytingu á XI. viðauka við EES-samninginn (Rafræn fjarskipti,
hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1983 frá 18. júlí 2024 um samræmingu á tíðnisviðinu 40,5-43,5 GHz fyrir landstöðvakerfi sem eru fær um að veita rafræna fjarskiptaþjónustu um þráðlaust breiðband innan Sambandsins ⁽¹⁾.
- 2) XI. viðauki við EES-samninginn í breytist því samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 5czu (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1730) í XI. viðauka við EES-samninginn:

„5czv. **32024 D 1983**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1983 frá 18. júlí 2024 um samræmingu á tíðnisviðinu 40,5-43,5 GHz fyrir landstöðvakerfi sem eru fær um að veita rafræna fjarskiptaþjónustu um þráðlaust breiðband innan Sambandsins (Stjtið. ESB L, 2024/1983, 22.7.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2024/1983, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júní 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júní 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1983, 22.7.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2024/1983/oj

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 140/2025

2025/EES/61/22

frá 13. júní 2025

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/149 frá 15. nóvember 2024 um breytingu á viðaukunum við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/68/EB í því skyni að laga viðaukana að framförum á sviði vísinda og tækni ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 13c (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/68/EB) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„— **32025 L 0149:** Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/149 frá 15. nóvember 2024 (Stjtið. ESB L, 2025/149, 24.1.2025).“

2. gr.

Texti framseldrar tilskipunar (ESB) 2025/149, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júní 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júní 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2025/149, 24.1.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir_del/2025/149/oj

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 141/2025

2025/EES/61/23

frá 13. júní 2025

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/134 frá 28. janúar 2025 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 að því er varðar innleiðingu flugmannsskírteinis fyrir þyrilflugu ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 66ne (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„— **32025 R 0134:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/134 frá 28. janúar 2025 (Stjtið. ESB L, 2025/134, 29.1.2025).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2025/134, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júní 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júní 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2025/134, 29.1.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2025/134/oj

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 142/2025

2025/EES/61/24

frá 13. júní 2025

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1111 frá 10. apríl 2024 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 923/2012, reglugerð (ESB) nr. 965/2012 og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/373 að því er varðar að setja kröfur um starfrækslu mannaðra loftfara með getu til að lenda og hefja flug lóðrétt ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 66ne (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011), lið 66wk (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012), lið 66nf (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012) og lið 66xg (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/373) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„— **32024 R 1111:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1111 frá 10. apríl 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/1111, 23.5.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2024/1111, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júní 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júní 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

